

Mat á þróun atvinnuleysis næstu mánuði

25. mars 2020.



Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem nú er uppi í efnahagslífinu er ljóst að atvinnuleysi mun aukast mikið á næstu vikum og mánuðum. Hér verður reynt að leggja mat á líklega þróun atvinnuleysis, þó óvissa sé mikil á þessum tímapunkti. Á næstu viku til 10 dögum má þó gera ráð fyrir að hlutirnir skýrist mikið, hvað varðar umfang almennra uppsagna og hópuppsagna, sem og hve mikið úrræði um minnkað starfshlutfall verður nýtt.

Ljóst af viðbrögðum fyrirtækja og þeim fyrirspunum sem hafa borist að þetta úrræði mun verða nýtt í stórum stíl. Vinnuálastofnun hefur ákveðið í þeirri spá, sem hér er birt um þróun atvinnuleysis, að miða við að 19.000 manns muni koma inn á atvinnuleysissskrá í gegnum þetta úrræði og að bótahlutfall verði um 50-55% að jafnaði.


Úrræðið um minnkað starfshlutfall er afturvirktil til 15. mars og mun því hafa töluverð áhrif á aukningu atvinnuleysis seinni hluta marsmánaðar. Í apríl mun allur þungi af atvinnuleysissskráningu vegna minnkaðs starfshlutfalls koma fram, auk þess sem almennar uppsagnir munu fara að koma fram í atvinnuleysistöllum í auknum mæli. Almennar uppsagnir munu svo halda áfram að bætast við í maí, en áætlað er að þegar líður á maímánuð muni einhver hluti fyrirtækja fara að kalla fólk til baka úr minnkuðu starfshlutfalli. Seinni hluta maí og í júní má einnig gera ráð fyrir að umsvif fari að aukast í sumum geirum efnahagslífsins, s.s. byggingariðnaði og þjónustugreinum sem þjónusta innlandan markað. Ólíklegt er hins vegar að ferðaþjónusta fari að taka við sér að marki fyrir en um eða upp úr miðju sumri.

Því er gert ráð fyrir að atvinnuleysi fari hæst í 10,8% í apríl og 10,0% í maí en fari svo lækkandi fram í september í nálægt 6,8%, en muni aukast á ný til áramóta í takt við hefðbundna árstíðasveiflu og að atvinnuleysi í desember verði um 7,4%.


Á mynd 1 má sjá þróunina setta upp í línurit, þar sem einnig eru settar fram tvær aðrar sviðsmyndir með bæði verri og betri þróun atvinnuleysis.

Miðspáin gerir ráð fyrir að atvinnuleysi ársins 2020 verði að jafnaði 7,4%, en meðaltal háspárinnar er 8,3% atvinnuleysi á árinu 2020 og meðaltal lágspár er 6,6%.

Þó nánast ómögulegt sé á þessum tímapunkti að spá fyrir um þróun atvinnuleysis á árinu 2021 setjum við þó fram miðspá með um 6,4% atvinnuleysi að jafnaði það ár og er þá gert ráð fyrir að efnahagslífið taki þokkalega við sér þegar líður á sumarið 2020 og ekki verða fleiri stóraföll í efnahagslífi landsins og á okkar helstu markaðssvæðum á komandi misserum. En óvissumörk eru há á spá fyrir 2021, eða frá um 5,0% upp í um 8,0%. Sjá mynd 2.



Mynd 1. Spá um þróun atvinnuleysis á árinu 2020



Mynd 2. Atvinnuleysisþróun frá 2008 og spá fyrir árin 2020 og 2021